Nd. **328. Frumvarp til laga**

**um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.**

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir fyrra málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsl.: Kosnir skulu og með sama hætti 5 varamenn í stjórnina, til jafnlangs tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og skal á því þingi, er samþykkir lögin, kjósa varamenn fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili núverandi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins.